



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Mánudaginn 15. desember 2014 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Inga Rós Sævarsdóttir, Steindór R. Haraldsson og Magnús B. Jónsson.

Auk þess mætti Jökulrós Grímsdóttir, forstöðumaður Sæborgar á fundinn.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Dvalar- og hjúkrunarheimilið Sæborg

Fyrir fundinum lá samantekt um rekstur Sæborgar fyrstu 11 mánuði ársins 2014 og yfirlit yfir rekstarniðurstöður ársins 2013 ásamt fjárhagsáætlun 2015.

Einnig lá fyrir fundinum yfirlit um niðurstöður ársreikninga árána 2009-2013 og samantekt um dvalarmánuði árána 2011-2014.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi gögn og Jökulrós skýrði helstu forsendur og gang mála á dvalar- og hjúkrunarheimilinu. Rætt var um rekstur, fjölda heimilismanna, starfsmannahald og fleira.

Ákveðið að setja saman áætlun um aðgerðir sem liggja fyrir í desember.

### 2. Önnur mál

Oddviti þakkaði sveitarstjórn samstarfið og óskaði gleðilegra jóla.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 10,00

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson